

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 17. apríl 2024

Mál nr. S-1219/2023:

Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Gunnari Magnússyni

(Björgvin Jónsson lögmaður)

(Guðrún Björg Birgisdóttir réttargæslumaður)

Dómur

Mál þetta sem var dómtekið 22. febrúar sl. var höfðað af héraðssaksóknara með ákæru, úttekinni 27. apríl 2023, á hendur ákærða, Gunnari Magnússyni, kt. 000000-0000, [...], fyrir nauðgun og kynferðisbrot gagnvart A, kt. 000000-0000, sem þá var [...] ára gamall, eða sem hér greinir:

„I.

Kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 2. ágúst 2021, í samskiptum við A í skilaboðum í síma, mælt sér mót við A á ofangreindu heimili sínu að [...], í því skyni að hafa við hann önnur kynferðismök.

Telst þetta varða við 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 19. ágúst 2021, í bifreiðinni [...], sem ákærði ók frá [...] til [...], haft önnur kynferðismök við A, en ákærði fróaði A og lét A fróa sér og hafa við sig munnmök með því að nýta sér yfirburðastöðu sína gagnvart A vegna aldurs- og þroskamunar og þess að hann var einn á ferð með drengnum.

Telst þetta varða [við] 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ákærða verði gert að sæta upptöku á [Apple] iPhone farsíma (munanúmer [...]), samkvæmt heimild í 1. tölulið 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, vegna ólögráða sonar hennar, A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða miskabætur að fjá[r]hæð 4.000.000 kr. auk vaxta skv[.] 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 19. ágúst 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa og að gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 20. ágúst til 3. september 2021 verði dregið frá refsingu. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara sýknu en til þrautavara að bótafjárhæð verði lækkuð verulega. Einnig krefst hann þess að upptöku-kröfu verði hafnað. Loks er þess krafist að málsvarnarlaun verjanda samkvæmt tíma-skýrslu verði greidd úr ríkissjóði.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu var lögregla kölluð út fimmtudaginn 19. ágúst 2021 kl. 23:06 að [...], vegna ungs drengs sem hafði verið lokkaður í bifreið af karlmanni. Á vettvangi var brotþoli, [...] ára. Kvaðst hann hafa verið í samskiptum við mann á Internetinu og þeir mælt sér mót við [...] með sms-skilaboðum. Samskiptin hafi upphaflega farið fram í gegnum síðuna „fuckbugmobile.com“ en færst yfir í sms-skilaboð og sýndi hann skilaboð frá númerinu [...]. Brotþoli kvaðst hafa sest inn í bílinn, hvítan [...], við [...] en kvaðst ekki muna eftir ökuferðinni þaðan til [...] þar sem hann hafi verið í svo miklu uppnámi en sagði manninn hafa snert sig er bifreiðin stöðvaði á rauðu ljósi. Að [...] hafi þeir farið inn í fjölbýlishús, íbúð [...], en þar hafi maðurinn byrjað að afklæða sig. Þá kvaðst brotþoli hafa tekið upp hníf og hótad manninum, farið út úr íbúðinni og hringt í lögregluna. Aðspurður sagði brotþoli að maðurinn, sem hafi verið [...] ára og [...], hafi vitað hvað brotþoli væri gamall. Lögregla fór að íbúðinni og knúði dyra ítrekað en enginn kom til dyra.

Í ljós kom að eigandi númerans [...] var ákærði sem var með skráð heimili að [...], auk þess að vera skráður fyrir hvítum [...] með skráningarnúmer [...]. Er lögregla var að yfirgefa vettvang sást hvítum [...] með númerið [...] ekið [...] til norðurs og stöðvaði í bifreiðastæði að [...]. Ökumaður reyndist vera ákærði sem var handtekinn og kynnt réttarstaða sakbornings sem hann kvaðst skilja en neitaði að tjá sig. Ákærði var færður á lögreglustöð og undirritaði upplýsingablað handtekinna kl. 01:36 og var vistaður í fangaklefa. Ákærði gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun kl. 15:00 daginn eftir og var fatnaður hans haldlagður til frekari rannsóknar.

Í málinu liggur fyrir upptaka af símtali brotþola við Neyðarlínuna þar sem brotþoli segir m.a. að hann muni ekki neitt sem hefði gerst í bifreiðinni.

Tekin var skýrsla af brotþola á lögreglustöðinni í [...] aðfaranótt 20. ágúst 2021 að viðstöddum starfsmanni Barnaverndar [...]. Kvaðst hann hafa verið að horfa á mynd í iPad snemma í ágúst og þá hafi komið linkur inn á síðu sem hafi minnt brotþola á Kompás. Brotþoli kvaðst hafa verið að „fokka“ í ákærða sem hafi búist við brotþola í strætó, en brotþoli kvaðst hafa verið heima hjá sér. Brotþoli kvaðst hafa tilkynnt þetta til lögreglu en hann hafi ekki heyrt frá henni og honum fundist að lögreglan væri ekki að gera neitt. Ákærði hafi gert brotþola svo pirraðan að hann hafi langað að berja ákærða. Aðspurður hvað hafi gerst í framhaldi kvað brotþoli ákærða hafa sagt að þeir ætluðu að fara eitthvað, það kæmi í ljós hvert, og kvaðst brotþoli hafa tekið með sér hníf. Ákærði hafi verið á hvítum [...], brotþoli hafi opnað dyrnar og ákærði sagt honum að setjast inn. Brotþoli kvaðst hafa verið með bláa grímu eiginlega alla leiðina.

Brotþoli sagðist hafa spurt ákærða hjá ísbúð [...], rétt hjá, hvert þeir væru að fara og ákærði hafi sagt eitthvað í [...]. Brotþoli greindi frá því að hann hafi sparkað í hurð íbúðar ákærða og því ætti að sjást eitthvað skítugt á henni. Brotþoli kvaðst eiga erfitt með að segja frá því hvað hefði átt sér stað og spurði hvort hann mætti skrifa það í símann því hann væri ekki góður að skrifa. Brotþoli greindi frá því að ákærði hefði sagt honum að gyrða niður buxurnar. Aðspurður hvort lögregla skildi rétt að ákærði hafi gyrt niður um brotþola og komið við kynfæri brotþola játaði brotþoli því. Nánar spurður hvað ákærði hafi gert við kynfæri brotþola svaraði brotþoli: „Hvað heldurðu, hann var bara að sveifla því um.“ Brotþoli svaraði „væntanlega“ aðspurður hvort ákærði hefði fróað brotþola. Ákærði hefði síðan sagt brotþola að gera það sama og aðspurður hvort brotþoli hefði gert það svaraði brotþoli með: „Það var af því að ég var frosinn.“ Nánar spurður hvað hafi gerst í framhaldi kvað brotþoli það ekki hljóma vel og spurði hvort

Þetta væri ekki nóg til að ákæra ákærða. Brotapoli kvaðst hafa verið frosinn og aðspurður af lögreglu hvort ákærði hefði sagt brotþola að totta sig játaði brotþoli því. Ákærði hefði síðan sagt að þeir skyldu bíða þangað til þeir væru komnir. Brotapoli kvaðst aðspurður ekki hafa fengið fullnægingu og heldur ekki ákærði. Brotapoli kvaðst hafa verið 20 sekúndur inni hjá ákærða, þar sem ákærði hafi verið ber að ofan. Ákærði hafi spurt brotþola hvort hann hafi kysst annan mann sem brotþoli kvaðst hafa neitað. Ákærði hafi þá átt við beltið og snúið sér við en þá kvaðst brotþoli hafa tekið hnífinn upp og opnað hann fyrir aftan bak. Aðspurður um hvað hann hafi gert eftir að hafa sýnt ákærða hnífinn kvaðst brotþoli hafa sagt ákærða að setjast í sófann sem ákærði hafi ekki gert. Brotþoli hafi flýtt sér því að ákærði hafi læst hurðinni og ákærði hafi þá tekið eitthvað í hann. Ákærði hafi skellt hurðinni á eftir brotþola, sem kvaðst hafa dúndrað þrisvar sinnum í hurðina. Hann hafi svo hlaupið út og verið að skoða gluggana en hafi þá séð ákærða koma úr stæðinu. Brotþoli hafi hlaupið eitthvað um, því hann hafi haldið að ákærði væri að leita að honum, og ætlað að taka strætó en ekki verið með pening og hringt í lögregluna.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings greinir m.a. að brotþoli hafi komið á Neyðarmóttöku í fylgd lögreglu og fulltrúa barnaverndar 20. ágúst 2021. Í skýrslunni er m.a. stutt frásögn brotþola þar sem fram kemur m.a. að brotþoli hafi verið í netsamskiptum við mann í einhverjar vikur. Brotþoli hafi fengið link frá manninum í tölvuna og hafi verið að „fokka í honum“ en maðurinn hafi verið ógeðslegur í samskiptum. Þess vegna hafi brotþoli hugsað um að hann vildi meiða manninn en þeir ákveðið að hittast við [...]. Brotþoli sagðist hafa frosið um leið og hann heyrði í bílnum, hann hafi sest í framsætið og ákærði farið með brotþola heim til sín að [...]. Brotamaður hafi á leiðinni dregið niður buxur brotþola, káfað á kynfærum hans og fróað honum. Brotamaður hafi einnig dregið niður sínar buxur, verið með holdris og látið brotþola káfa á kynfærum og sjúga en svo sagt að þeir skyldu halda áfram þegar þeir væru komnir heim. Brotþoli hafi ógnað brotamanni með hníf er þeir voru komnir þangað og einungis verið þar í mjög stuttan tíma. Brotþoli hafi hringt á lögreglu þegar hann var kominn út því hann hafi ekki vitað hvar hann væri. Í skýrslunni er merkt við staðlaðan reit að brotþoli hafi verið *neyddur til að sjúga kynfæri árársarmanns*. Í staðlaðri skráningu um andlegt og líkamlegt ástand greini að brotþoli hafi verið *dofinn, fjarrænn, óraunveruleikatengdur, í tilfinningalegu jafnvægi, yfirvegaður, óttasleginn/kvíðinn, ráðalaus, bjargarlaus, ekki þolað snertingu, hvumpinn, með hroll, vöðvaspennu, kaldan*

svita og öran hjartslátt. Í samantekt skýrslu kemur fram að brotaþoli hafi verið niðurlútur við komu, rólegur og fámáll. Hann hafi átt erfitt með að segja frá því sem gerðist en tekist að segja frá í góðu samhengi. Hann hafi verið skýr í tali, með eðlilegt augnsamband og vel vakandi.

Í skýrslu C læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola þann 20. ágúst 2021 er frásögn nákvæmari en efnislega sú sama. Kemur m.a. fram að maðurinn hafi gyrt niður um brotaþola á rauðu ljósi, fróað brotaþola, tekið niður um sig buxurnar og látið brotaþola sjúga sig. Brotaþoli hafi ætlað að fara út en maðurinn hafi þá gripið í brotaþola sem hafi getið losað sig og hlaupið út og ætlað að ná númeri bifreiðarinnar en það hafi verið of dimmt. Í staðinn hafi hann hringt í lögregluna. Í samantekt um ástand brotaþola segir að hann sé þögull, dapur og sitji hokinn. Gefi þokkalega sögu, líði illa og langi ekki til að gera neitt. Í staðlaðri skráningu er merkt við að brotaþoli hafi verið *ffjarrænn, eirðarlaus, í hnipri og framsetning samhengislaus*. Í niðurstöðu er vísað til frásagnar brotaþola og greint frá að brotaþoli hafi fengið beiðni frá manni sem vildi hitta hann og tók brotaþola upp í bíl. Brotaþola hafi fundist hann vera ógeðslegur í samskiptum þeirra fyrir atvikið og ætlað að fíflast í honum og lemja hann fyrir ógeðslegheitin en hafi frosið er hann kom í bílinn og hafi ekki komið til sjálfs síns fyrr en í íbúð mannsins. Brotaþoli sé dapur og leiður en samvinnuþýður. Engir ytri áverkar enda engin saga um átök.

Brotaþoli gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi þann 25. ágúst 2021. Brotaþoli kvaðst hafa verið að skoða mynd á iPad á einhverri síðu þegar auglýsing hafi birst sem hafi minnt brotaþola á einkamál og hann hafi langað að prófa. Þar hafi brotaþoli hitt ákærða undir heitinu „[...]“ eða „[...]“. Brotaþoli kvaðst hafa skráð sig inn á síðuna „Fuckbook“ undir nafni sem síðan hafi búið til og hafa borgað fyrir það. Brotaþoli kvaðst hafa sagt ákærða að hann væri [...] ára en þá hafi ákærði haldið að einhver fullorðinn væri að fokka í honum. Á prófíl ákærða hafi komið fram að hann væri [...] ára. Þetta hafi verið nokkrum vikum fyrr, í ágúst. Brotaþola kvaðst minna að þeir hefðu þá mælt sér mót og hann hafa átt að koma í strætó í [...] en kvaðst ekki hafa farið. Brotaþoli kvaðst hafa tilkynnt lögreglu um hann en ekki hafa heyrt frá henni og hafa fundist eins og lögreglan væri ekkert að gera.

Brotaþoli kvaðst hafa kíkt aftur á sms-skilaboðin, orðið mjög reiður og langað að berja ákærða. Ákærði hafi sagt brotaþola að koma að [...] og hann komið þangað. Brotaþoli kvaðst hafa tekið með sér hníf til öryggis og hafa frosið þegar hann heyrði í bíl ákærða fyrir aftan sig en sest inn í bílinn farþegamegin og þeir ekið af stað. Ákærði hafi

lítið talað en farið að snerta brotapolu á einkastaðnum sem brotapolu sagði nánar aðspurður vera liminn og hafa byrjað að fróa brotapolu í stutta stund en hætt og beðið brotapolu um að fróa sér og totta, sem brotapolu kvaðst hafa gert stutta stund en ákærði svo beðið brotapolu um að bíða. Aðspurður kvað brotapolu ákærða hafa sagt honum að gyrða niður um sig, sem hann hafi gert. Aðspurður hvernig föt ákærða hefðu verið þegar brotapolu var að fróa ákærða svaraði brotapolu að hann héldi að ákærði hefði gert það sama. Aðspurður kvað hann hvorugan þeirra hafa fengið fullnægingu. Bifreiðin hefði verið á ferð er þetta gerðist og þeir farið heim til ákærða að [...].

Brotapolu kvaðst ekki muna númer hvað ákærði hefði búíð en íbúðin hefði verið á 2. hæð. Þegar þeir hefðu verið komnir þangað hefði ákærði farið að klæða sig úr að ofan og spurt brotapolu hvort hann hefði kysst annan mann sem brotapolu kvaðst hafa neitað. Ákærði hafi sagt „ókei“ og snúið sér við en þá hafi brotapolu tekið upp hnífinn, opnað blaðið og sett hann fyrir aftan bak. Síðan hafi brotapolu komið að ákærða og hótað honum með hnífnum. Ákærði hafi orðið hissa og spurt hvað brotapolu væri að gera. Brotapolu kvaðst hafa sagt ákærða að setjast niður en ákærði hafi hallað sér aftur að eldhúsinnréttingunni og kvaðst brotapolu þá hafa farið út. Brotapolu kvað þetta hafa verið eins og í þættinum „Catch a predator“. Aðspurður kvaðst brotapolu ekki hafa hitt ákærða í þeim tilgangi að stunda kynlíf. Brotapolu kvaðst aðspurður hafa sagt móður sinni frá atvikinu. Aðspurður kvað brotapolu ákærða hafa verið búinn að nefna í skilaboðum að hann ætlaði að gera eitthvað með dildó í íbúðinni og stinga því upp í rassgatið á brotapolu. Brotapolu kvaðst aðspurður hafa liðið illa eftir atburðinn.

Í skýrslu tæknideildar um vettvangsrannsókn og fleira, dagsettri 31. ágúst 2021, sbr. ljósmyndir, greinir m.a. að hald hafi verið lagt á skyrtu, nærföt, sokka og þrjár sóttvarnargrímur á [...] þann 20. ágúst 2021. Í bréfpoka, merktum „3stk. Sóttvarnargrímur“, hafi verið þrjár minni bréfpokar, merktir innihaldslýsingu. Í poka, merktum „Blá gríma (var í rusli í eldhúsi)“, hafi verið blá, einnota andlitsgríma með hvítum teygjum. Þá kemur fram að bleik gríma hafi verið við vask og svört gríma á baðherbergi. Í niðurstöðu greinir að í gögnunum hafi ekki komið fram nein lífsýni, sem nothæf væru til DNA-kennslagreiningar. Hins vegar væri ekki unnt að útiloka að í innanverðum nærfötum og innanverðum andlitsgrímum væri að finna lífsýni á formi þekjufruma og væru þá mögulega þar til staðar sýni sem væru nothæf til slíkrar greiningar. Í skýrslu tæknideildar vegna leitar í bifreiðinni [...], dagsettri 1. september 2021, fundust engin lífsýni í bifreiðinni né munir sem talið var að tengdust rannsókn málsins.

Í skýrslu tæknideildar, dagsettri 25. ágúst 2021, vegna sýna sem tekin voru af brotaþola á Neyðarmóttöku, kemur fram að ekki hafi verið nein lífsýni í gögnum sem afhent voru til rannsóknar sem nothæf geti talist til DNA-kennslagreiningar. Hins vegar sé ekki hægt að útiloka að á pinnum í lífsýnaöskjum af kynfærum brotaþola væri að finna lífsýni á formi þekjufruma sem mögulega væru nothæf til slíkra greininga.

Í skýrslu tæknideildar um réttarlæknisfræðilega rannsókn á ákærða 20. ágúst, dagsettri 30. ágúst 2021, kemur m.a. fram að skoðunin hafi farið fram kl. 15:00. Greinir frá framkvæmd skoðunarinnar, hæðar- og þyngdarmælingum, sýnatökum og haldlagningu á nærbuxum ákærða. Meðal gagna málsins er beiðni um réttarlæknisfræðilega rannsókn á ákærða, dagsett 20. ágúst 2021, og vottorð læknis sem framkvæmdi skoðun og tók sýni. Þar greinir m.a. að skoðunin hafi byrjað síðdegis, ákærði hafi verið rólegur og algjörlega áttaður á stað og stund. Hann hafi verið í gallaskyrtnu, gallabuxum, grænleitum nærbuxum og æfingaskóm.

Í skýrslu tæknideildar, dagsettri 27. ágúst 2021, sbr. ljósmyndir, um rannsókn á gögnum sem varðveitt voru við réttarlæknisskoðun á ákærða, kemur fram að um var að ræða nærbuxur, þrjár lífsýnaöskjur og plastpoka með hársýnum. Í niðurstöðu greinir að ekki hafi komið fram lífsýni sem geti talist nothæf til DNA-kennslagreiningar. Hins vegar sé ekki hægt að útiloka að í sýni af innanverðum nærbuxum svo og á pinnum í lífsýnaöskjum sé að finna lífsýni á formi þekjufruma og væru þá mögulega til staðar sýni sem nothæf væru til slíkra greininga.

Meðal gagna málsins er skýrsla tæknideildar lögreglu, dagsett 30. ágúst 2021, um sendingu á lífsýnum til sænskrar réttarrannsóknarstofu. Nánar tiltekið var um að ræða lífsýni sem varðveitt voru á Neyðarmóttöku þann 20. ágúst 2021 af brotaþola, þ.e. askja með tveimur pinnum merkt „Utan á typpi“ og askja með tveimur pinnum merkt „Kóngur“. Einnig voru send lífsýni sem varðveitt voru við réttarlæknisskoðun á ákærða sama dag, umslag með M-VAC síu, merkt „Nærbuxur, innanverð framhlið“ og askja með tveimur pinnum merkt „Undan forhúð“. Þá voru einnig send samanburðarsýni af ákærða og brotaþola.

Í skýrslu tæknideildar, dagsettri 1. febrúar 2022, greinir frá niðurstöðum hinnar sænsku rannsóknarstofu. Þar kemur fram m.a. að send hafi verið til rannsóknar fjögur sýni. Tvö hafi verið varðveitt við réttarlæknisskoðun brotaþola á Neyðarmóttöku, sem ekki hafi gefið niðurstöður, eitt við réttarlæknisskoðun á ákærða og eitt sýni varðveitt við rannsókn á nærfötum ákærða, haldlögðum við réttarlæknisskoðunina. Greining á

stroksýni undan forhúð lims ákærða hafi leitt í ljós að DNA-snið sýnis var eins og DNA-snið ákærða sjálfs. Greining á sýni af innanverðri framhlið á nærbuxum ákærða hafi leitt í ljós að í sýninu væri blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Niðurstöður hafi sýnt að hluti þess DNA sem kom fram í sýninu hafi verið eins og DNA-snið brotaþola og hluti eins og DNA-snið ákærða.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, dagsettri 11. apríl 2022, var innihald síma brotaþola skoðað mánudaginn 23. ágúst 2021. Þar segir að ekkert nýtt hafi komið fram við þá skoðun en rannsakari hafi þá þegar tekið ljósmyndir af sms-skilaboðum sem voru á símanum.

Skjáskot af farsíma brotaþola þar sem hann er í samskiptum við ákærða 19. ágúst 2021 liggja fyrir í málinu, ásamt ljósmynd af hníf sem brotaþoli var með.

Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu um skoðun á tveimur sínum ákærða, dagsett 11. apríl 2022. Þar kemur m.a. fram að á síma með munaskrárnúmeri [...] hafi fundist sms-skilaboð milli símanúmeranna [...] og [...]. Brotaþoli sé með fyrri númerið og ákærði með það síðarnefnda. Fjöldi skilaboða hafi verið á milli þeirra þann 2. og 19. ágúst 2021. Þann 2. ágúst 2021 komi fram að brotaþoli spyrji ákærða hvort hann sé [...] og ákærði svari því játandi. Þeir mæli sér mót við heimili ákærða við [...]. Brotaþoli spyrji ákærða hvað verði gert, sem ákærði svarar með því að hann fái allavega að totta sig. Ákærði segir brotaþola að limur hans sé 16 cm langur og brotaþoli svarar að hans limur sé jafn langur. Brotaþoli spyr ákærða hvað þeir muni gera meira og ákærði segist þá alla vega stinga dildó (gervilim) upp í rassinn á brotaþola. Ákærði spyr brotaþola hvað hann langi til að láta gera við sig og brotaþoli svarar „allt“. Þá tala þeir saman um „porn“. Á skilaboðunum megi sjá að brotaþoli hafi ekki farið í [...] til að hitta ákærða. Þann 19. ágúst 2021 komi fram að brotaþoli setji sig í samband við ákærða og biðji hann afsökunar á því að hafa ekki hitt hann. Þeir ákveða að hittast um kvöldið. Brotaþoli spyr hvað þeir muni gera og ákærði svarar því að þeir geti ekki gert mikið í bíl en að brotaþoli fái allavega að totta ákærða. Ákærði ætli að koma í bæinn um kl. 22:00. Brotaþoli spyr hvort þeir verði naktir í bílnum en ákærði svarar að hann hafi aðstöðu. Brotaþoli spyr hvar aðstaðan sé en ákærði svarar ekki. Klukkan 22:50 sendir brotaþoli ákærða skilaboð um að ákærði sé viðbjóður og brotaþoli sjái eftir öllu. Ákærði svarar því til að brotaþoli skuli fara vel með sig í framtíðinni en brotaþoli segir þá að þetta hefði aldrei átt að gerast í bílnum. Brotaþoli segist vita hvar ákærði búi og hvernig bíl hann eigi (dulbúin hótun) en ákærði svarar með

því að hann sé á lánsbíl og búi ekki þar sem þeir hafi hist. Brotapoli segist samt geta fundið út úr því en ákærði svarar með því að spyrja hver tilgangurinn sé með því.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 20. ágúst 2021 og bar af sér sakir um meint kynferðisbrot. Kvaðst hann hafa verið inni á síðunni Facebook þar sem notandanafni sitt væri [...], þegar 18 ára maður hafi smellt á hann og spurt hvort ákærði vildi hitta sig. Ákærði kvaðst hafa tekið vel í það og þeir hafi spjallað aðeins en þá hafi hinn sagt hvort það væri í lagi að hann væri [...] ára. Ákærði kvaðst hafa haldið að einhver væri að gera at í sér því allt hafi verið svo vel og rétt skrifað. Svo hafi hann beðið ákærða um símanúmer og haft samband seinna sama dag og spurt hvort ákærði vildi hitta sig sem ákærði hafi játað, gefið upp heimilisfang sitt og upplýsingar um hvernig hann ætti að koma með strætó. Ákærði kvaðst hafa verið viss um að þetta væri einhver sem væri eldri en hann hafi ekki komið. Nánar spurður kvaðst ákærði hafa spurt hvort hann væri ekki að grínast þegar brotapolí kvaðst vera [...] ára og brotapolí hafi eytt aðganginum en það hafi verið mjög lítil samskipti áður. Nánar spurður kvað ákærði brotapolá hafa fengið símanúmer sitt, [...], og sent sms um verslunarmannahelgina. Ákærði kvað brotapolá hafa beðið um að fá að hitta sig og hafa sagt að hann vildi prófa að vera með karlmanni. Ákærði kvaðst hafa spurt brotapolá hvort hann væri samkynhneigður og brotapolí játað því. Svo hafi sonur ákærða komið og eftir það hafi hann ekki heyrt frá brotapolá.

Síðan hafi komið sms með „hæ“ frá brotapolá þann 19. ágúst í símanúmer ákærða en ákærði kvaðst hafa reynt að pumpa eitthvað meira til að útiloka að sonur hans væri að hrekkja hann og hafi því sagst myndu ná í brotapolá. Hann hafi keyrt framhjá og fylgst með brotapolá sem hafi verið einn og hávaxinn með grímu. Ákærði kvaðst því hafa hringt í hann og beðið hann um að labba upp að [...] og ákærði myndi pikka hann upp, sem hann hafi gert. Ákærði kvaðst hafa keyrt og hafa spurt brotapolá hvort hann hefði gert þetta áður en brotapolí hefði svarað svolítið einkennilega. Þeir hafi komið heim til ákærða sem hafi beðið brotapolá um að fara úr skónum en ákærði kvaðst sjálfur hafa farið úr skóm og jakka. Ákærði hafi snúið sér við og þá hafi brotapolí verið búinn að taka grímuna niður en ákærði kvaðst ekki hafa séð andlit brotapolá fyrr en þá. Ákærði kvaðst síðan hafa séð hníf og hafa sagt „hvað ertu eiginlega að gera“. Brotapolí hafi sagt ákærða að fara að borðinu en ákærði kvaðst hafa rétt út hendurnar og þá hafi brotapolí snúið á hæli, rifið af sér grímuna, hent henni í gólfíð og farið út. Spurður um að brotapolí hefði sagt að ákærði hefði gripið í brotapolá en hann náð að losa sig frá ákærða greindi ákærði frá því að hann hefði tekið aðeins í þá hönd brotapolá sem var með hnífnum en brotapolí

hafi kippt henni að sér og farið út. Þá var ákærði spurður hvers vegna hann hefði sagt áður í skýrslunni að brotþoli hefði farið út en ekki sagt að hann hefði gripið í hann og kvaðst ákærði ekkert hafa tekið í brotþola, hann hefði ætlað að taka í höndina á brotþola en það hafi „náttúrulega bara verið fífldirfska að gera það“. Ákærði tók fram nánar spurður um grímuna að hún lægi bara heima hjá honum af því að brotþoli hefði hent henni af sér þegar hann fór út.

Ákærði kannaðist ekki við að nokkuð kynferðislegt hefði átt sér stað milli hans og brotþola í bílnum. Ákærði kvaðst hafa spurt hvort brotþoli hefði áður prófa að hitta karlmann til kynferðisathafna. Ákærði svaraði aðspurður í hvaða tilgangi hann hefði farið að hitta brotþola: „Að skoða frímerkjasafn eða eitthvað svoleiðis, að bara hitta karlmann eins og karlmenn hittast, hvað eigum við að segja, til kynferðisathafna“. Ákærða kvaðst hafa verið kunnugt um að einstaklingurinn sem hann væri að hitta segðist vera [...] ára en hafa haft efasemdir um það. Ákærði kvaðst hafa sagt að brotþoli fengi að totta sig en hafa haldið að brotþoli væri eldri maður.

Ákærði gaf aðra skýrslu hjá lögreglu þann 25. ágúst 2021 þar sem hann greindi í aðalatriðum frá atvikum með sama hætti og í fyrstu skýrslu. Ákærði staðfesti að þeir brotþoli hefðu verið á leið heim til ákærða til kynferðislegra athafna og hafa talað um tott og jafnvel ríðingar en í skilaboðum hefði komið fram að ákærði væri framkvæmdaraðilinn. Ákærði kvaðst þar hafa snúið sér við í íbúðinni og hafa séð að brotþoli væri með hníf. Ákærði kvaðst þá hafa rétt fram höndina og ætlað að reyna að taka í brotþola til að afvopna hann en þá hafi komið hik á brotþola sem hafi labbað að hurðinni, kallað eitthvað til ákærða, rifið af sér grímuna, hent henni í gólfið og farið út. Brotþoli hafi verið innan við mínútu inni í íbúðinni. Ákærði var nánar spurður hvaða hönd hann hefði ætlað að taka í og svaraði ákærði því til að það hefði verið höndin sem hefði haldið á hnífnum.

Ákærði gaf þriðju lögregluskýrslu þann 8. apríl 2022. Ákærði kannaðist þar við sms-samskipti við brotþola þann 2. ágúst 2021 en kvað brotþola hafa gengið á sig og hafa haldið að verið væri að gera at í sér og viljað hitta brotþola til að komast að því. Ákærði kannaðist einnig við sms-samskipti við brotþola 19. ágúst 2021. Niðurstöður rannsóknar á DNA-sýnum í nærbuxum ákærða voru bornar undir ákærða. Ákærði svaraði því til að hafi komið eitthvert DNA frá brotþola hafi það verið þegar ákærði hafi tekið upp grímuna af gólfinu, sem brotþoli hafði verið með og hent, tekið í höndina á brotþola og síðan farið á klósettið þegar brotþoli var farinn.

Lögregla tók skýrslu af móður brotaþola, B, þann 24. ágúst 2021, sem gaf einnig skýrslu fyrir dómi en efni hennar verður ekki rakið nema að því leyti sem það varðar niðurstöðu málsins.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi frá því að hann hefði fengið skilaboð á síðunni Fuckbook.com frá karlmanni sem hafi verið tilgreindur 18 ára. Sá hafi síðan sagt „er í lagi að ég sé [...] ára“. Ákærði kvaðst hafa spurt „ertu að meina þetta?“ en ekki fengið svar. Ákærða kvaðst hafa grunað að einhver væri að gera at í sér. Brotaþoli hafi beðið um símanúmer sem ákærði hafi gefið honum og fengið textaskilaboð í það númer frá brotaþola. Ákærða hafi fundist þetta mjög grunsamlegt, m.a. vegna þess að engar stafsetningarvillur hafi verið í textanum og ákærði kvaðst því hafa verið viss um að viðkomandi væri ekki [...] ára. Brotaþoli hafi spurt hvort þeir gætu hist og ákærði kvaðst hafa játað því en hann hafi ekki verið í bænnum. Brotaþoli hafi spurt hvort ákærði gæti sótt hann en ákærði sagðist hafa gefið brotaþola heimilisfangið og sagt að brotaþoli gæti komið þangað. Ákærði kvaðst síðan hafa farið fyrir utan til að fylgjast með hvort einhver kæmi sem ekki hafi orðið og kvaðst ákærði hafa afgangið þetta sem at. Brotaþoli hafi síðan sett sig aftur í samband og þeir verið í þeim sms-samskiptum sem liggja fyrir í málinu. Brotaþoli hafi spurt hvort ákærði gæti náð í sig, sem hann hafi gert og brotaþoli sest inn í bílinn. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að segja að hann væri með aðstöðu. Brotaþoli hafi spurt hvert þeir væru að fara og kvaðst ákærði hafa sagt [...]Þeir hafi keyrt að [...] og farið inn í íbúðina en brotaþoli hafi verið með grímu allan tímann og sagðist ákærði hafa haldið að þetta væri fullorðinn einstaklingur, enda hávaxinn. Hann hafi farið úr skóm og jakka og snúið þá baki í brotaþola en er hann hafi snúið sér við hafi brotaþoli verið með hníf í hendi. Brotaþoli hafi skipað ákærða að færa sig frá, ákærði kvaðst hafa reynt að grípa eftir þeirri hendi brotaþola sem hélt á hnífnum en þá hafi brotaþoli rokið út og hent grímunnunni í gólfið á leiðinni. Ákærði kvaðst hafa opnað hurðina og spurt brotaþola hvað hann væri að gera en lokað aftur og þá hafi brotaþoli sparkað í hurðina. Einhver tími hafi liðið og ákærði hafi hugsað með sér að hann væri kominn í vond mál, jafnvel fjárkúgun. Ákærði hafi því talið best að koma bílnum í burtu en kvaðst hafa létt á sér áður en hann fór út og hafa keyrt í burtu en hann kvaðst hafa verið að hugsa um að fara út á land og hafi því farið heim til að ná í eitthvað til að hafa með sér. Þá hafi lögregla verið komin á staðinn.

Aðspurður kvaðst ákærði kannast við símanúmer sitt og sms-samskipti við brotaþola sem liggja fyrir í málinu. Ákærði kannaðist ekki við að hafa talað oft en einu sinni

við brotþola á síðunni Fuckbook. Aðspurður kvað ákærði Fuckbook vera síðu þar sem fólk leitist eftir spjalli á kynferðislegum nótum en ekki sé ætlast til að fólk sé að hittast. Ákærði kvaðst hafa verið á síðunni undir nafninu [...] og hafa gefið brotþola símanúmer sitt. Nánar spurður um að brotþoli hafi sagst vera [...] ára kvaðst ákærði hafa hváð við en ekki fengið nein viðbrögð við því. Ákærði kvaðst hafa viljað sjá hvort þetta væri einhver sem hann þekkti eða kannaðist við og spjalla við hann heima. Aðspurður hvers vegna ákærði hefði fengið brotþola heim til sín sagði ákærði það hafa verið til að spjalla en það hefði ekki verið í kynferðislegum tilgangi. Ákærði var spurður um sms-skilaboð þar sem hann hafi sagt við brotþola „þú færð að totta mig“. Ákærði kvaðst þá vilja útskýra með þessa síðu en þar væri fólk að spjalla saman sem vildi heyra eitthvað svona. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa sagt í sms-skilaboðunum að hann myndi setja dildó í rass brotþola. Ákærði sagðist ekki muna eftir að hafa spurt „hvað er hann langur á þér“ en þetta væru almennar spurningar sem hann væri spurður og spyrði aðra. Þetta hefði bara verið sagt fyrir viðmælandann. Ákærði kannaðist ekki við að hafa verið óþreyjufullur að hitta brotþola í sms-skilaboðum þann 2. ágúst 2021 en þar þráspurði ákærði brotþola hvar hann væri á leiðinni. Ákærði kvaðst aðspurður hvort hann hefði verið að mæla sér mót við [...] ára dreng til að hafa við hann kynmök ekki hafa trúað því að hann væri [...] ára og ekki hafa fengið svar þegar hann hafi spurt að því. Nánar spurður kvaðst ákærði ekki hafa verið á varðbergi því brotþoli hefði skrifað rétta íslensku og ekki verið með nein unglingaorð.

Aðspurður í hvaða tilgangi ákærði hefði náð í brotþola við [...] svaraði ákærði því til að það hefði bara verið til að vita hver þetta væri. Spurður hvernig brotþoli hefði komið ákærða fyrir sjónir kvaðst ákærði hafa talið hann fullorðinslegan en hann hefði verið með grímu. Nánar spurður sagðist ákærði ekki muna hvernig hún hefði verið á litinn en hún hefði verið ljós. Beðinn um að segja frá ökuferðinni kvað ákærði brotþola hafa verið fámálan og svarað með einsatkvæðisorðum sem ekki hefði hringt neinum bjöllum. Nánar spurður hvort þeir hefðu stoppað á leiðinni í [...] neitaði ákærði því. Beðinn um að segja frá hvað hefði gerst er þeir voru komnir í íbúðina kvaðst ákærði hafa byrjað á að loka svalahurð, draga fyrir og fara úr jakka. Nánar spurður hvort ákærði hefði farið úr skyrtunni kvaðst ákærði hafa verið í skyrtu með smellum sem hafi smellst frá en hann hefði ekki farið úr henni. Í kjölfarið hafi brotþoli, sem hafi staðið nálægt útidyráhurðinni, beint hníf að sér. Brotþoli hafi ekki sagt neitt en rifið af sér grímuna og hent henni á gólfið áður en hann fór út. Ákærði kvaðst hafa tekið grímuna upp og hent

henni frá sér. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vita hvers vegna brotaþoli hefði beint að honum hníf. Beðinn um að lýsa hvað ákærði hefði þá gert kvaðst ákærði hafa gengið að brotaþola en þá hefði brotaþoli kippt að sér hendinni og rokið út. Nánar spurður hvar ákærði hefði komið við brotaþola kvaðst hann hafa snert eða strokið bera hönd brotaþola sem hafi haldið á hnífnum. Enn nánar spurður hvernig brotaþoli hafi haldið á hnífnum kvað ákærði hnífinn hafa snúið beint fram og að hann hefði verið u.þ.b. hálfan metra frá hnífnum. Aðspurður hvers vegna hann héldi að brotaþoli væri að bera ákærða þessum sökum svaraði ákærði því til að brotaþoli hefði ætlað sér meira en guggnað á því. Ákærði kvað aðspurður ekkert hafa komið upp í samskiptum við brotaþola sem gæti verið ástæða þess hversu reiður brotaþoli væri við ákærða.

Aðspurður um það hvernig DNA-snið úr brotaþola hafi getað borist í innanverðar nærbuxur ákærða samkvæmt niðurstöðu DNA-rannsóknar kvaðst ákærði hafa komið við brotaþola, tekið upp grímuna og hafa létt á sér áður en hann yfirgaf íbúðina. Nánar spurður hvað ákærði hefði gert þegar hann tók upp grímuna kvaðst hann hafa tekið hana upp en hafa fyllst viðbjóði og hent henni því aftur í gólfíð og látið hana liggja þar. Enn nánar spurður af verjanda hvernig ákærði hefði komið við grímuna sagði ákærði hliðina sem sneri að andlitinu hafa snúið upp, hann hefði tekið hana upp á þeirri hlið en ekki á böndunum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið hræddur við covid-smit við að taka á grímunni þó að þetta hafi verið á covid-tímabilinu. Borið var undir ákærða að í skýrslutöku hjá lögreglu þann 20. ágúst 2021 hefði hann ekki greint frá því að hafa tekið grímuna upp, en þar hefði hann sagt að brotaþoli hefði rifið af sér grímuna og hent henni í gólfíð. Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessu en hann hefði tekið upp grímuna.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið á leið út úr bænum því hann hefði verið hræddur um að brotaþoli myndi sitja um hann. Aðspurður um skilaboð frá brotaþola eftir að hann var kominn út frá ákærða á þá leið að „þú ert viðbjóður, hvað var ég að hugsa“ kvaðst ákærði ímynda sér að hann væri viðbjóður vegna þess að hann væri að hitta karlmann en það hafi ekkert verið í samskiptum þeirra sem hafi getað valdið þessu. Skilaboð brotaþola um að hann segðist sjá eftir öllu og „þetta hefði aldrei átt að gerast í bílnum“ voru borin undir ákærða sem sagðist ekki vita hvað brotaþoli hafi verið að meina. Aðspurður um þau skilaboð brotaþola að „þetta átti líka bara aldrei að gerast“ kvaðst ákærði halda að brotaþoli hafi átt við að hann hafi ekki ætlað að hitta ákærða þó að brotaþoli hafi stofnað til samskiptanna sjálfur. Ákærði kvaðst aðspurður um hvers vegna

hann hefði svarað því til að „ég bý ekki þarna og er á lánsbíl“ að hann hafi verið hræddur við að brotþoli myndi kúga hann eða eitthvað þaðan af verra.

Aðspurður hvort brotþoli hefði verið æstur þegar hann var með hnífinn kvaðst ákærði ekki vita það, brotþoli hefði beðið ákærða um að færa sig frá sér og ákærði hefði farið upp að innréttingunni. Brotþoli hefði verið reiður og sagt „viðbjóður“ þegar hann var kominn út.

Brotþoli greindi frá því fyrir dómi að hann hefði verið [...] á þessum tíma. Hann hefði horft á Kompás og ætlað að vera einhver voða karl og farið á næstu síðu sem hann hefði fundið. Hann kvaðst ekki muna hver hefði haft samband fyrst en sig minnti að ákærði hefði sent á hann að fyrra bragði. Brotþoli kvaðst hafa sagt að hann væri [...] ára sem ákærða hafi fundist vera í lagi. Þeir hafi ekki talað mikið saman en planað að hittast hjá [...]. Brotþoli kvaðst hafa ætlað að taka vídeó af ákærða og pósta því en hafa tekið með sér hníf til öryggis ef hann kæmist í aðstæður sem hann réði ekki við. Við skólann hafi verið nokkrir krakkar en orðið dimmt. Brotþoli kvaðst ekki muna hvort hann hefði sent til ákærða að hann væri kominn en ákærði hefði sagst vera kominn og sagt brotþola að ganga upp [...], sem brotþoli kvaðst ekki hafa átt von á en hafa gert það. Þá hafi hann verið kominn út fyrir myndsvið myndavéla á skólalóðinni en ákærði hafi greinilega ekki viljað sjást á mynd. Hvítur bíll hafi komið upp að brotþola, sem kvaðst hafa frosið og gleymt öllu og hafa farið heimskulega inn í bílinn en hann hafi ekkert getað gert þrátt fyrir hnífinn sem hann hafi ekki viljað nota. Ákærði hafi keyrt áfram en ekki sagt hvert og það hafi verið litlar samræður. Á [...], eftir um þriggja mínútna akstur, hafi ákærði skipað brotþola að fara úr buxunum en hann hafi ekki vitað hvað hann ætti að gera, ákærði hafi verið sterkari og brotþoli kvaðst hafa verið skíthræddur. Ákærði hafi byrjað að snerta brotþola og sagt brotþola að gera það sama við sig. Eftir einhvern tíma hafi ákærði sagt brotþola að totta sig en ekkert fleira hafi gerst í bílnum.

Brotþoli kvaðst hafa áttað sig á að hann ætti ekki fyrir strætó þegar þeir hefðu verið komnir í [...] og því ekki vitað hvað hann ætti að gera. Þegar þeir hefðu verið komnir upp í íbúðina hefði ákærði farið úr bolnum, komið upp að brotþola, snert belti brotþola og spurt hvort brotþoli hefði kysst karlmann. Brotþoli kvaðst hafa neitað því. Ákærði hefði þá farið í átt að sófanum og kvaðst brotþoli þá hafa dregið upp hnífinn. Ákærði hefði spurt hvað brotþoli væri að gera sem brotþoli kvaðst ekki hafa svarað en ákærði hefði verið búinn að læsa. Brotþoli kvaðst hafa reynt að komast út og hafa sett

hnífinn niður við það, þá hefði ákærði tekið í handlegg hans en brotþoli kvaðst hafa ýtt ákærða frá sér sem hefði sleppt og brotþoli komist út. Hann hefði sparkað í hurðina, hlaupið í burtu og hringt fljótlega á lögregluna.

Aðspurður kannaðist brotþoli við síðuna Fuckbook og hafa skráð sig þar inn, kvaðst ekki minnst þess að hafa greitt fyrir en tók fram að yfirleitt þyrfti að borga inn á slíkar síður. Brotþoli kvaðst hafa spjallað eitthvað við ákærða og hafa verið að reyna að lokka hann. Brotþoli kvaðst aðspurður ekki muna hvernig ákærði hefði brugðist við er hann hefði inni á síðunni sagst vera [...] ára en kvaðst muna að ákærða hefði verið alveg sama um það í bílnum. Nánar spurður hvort þeir hefðu rætt aldur í bílnum svaraði brotþoli „örugglega“. Brotþoli kvaðst aðspurður ekki muna vel hvernig þeir hefðu fært sig af síðunni yfir í símann.

Brotþoli kannaðist við þau samskipti við ákærða sem liggja fyrir í málinu. Brotþoli kannaðist ekki við að hafa áður mælt sér mót við ákærða um verslunarmannahelgina en kvaðst aðeins muna eftir skiptinu þegar ákærði hefði náð í hann. Nánar spurður um að brotþoli hefði sent sms-skilaboð um að vera á leiðinni til ákærða kvaðst brotþola ráma í þetta en hann hefði ekki verið á leiðinni til ákærða.

Aðspurður hvort brotþoli hefði ætlað að fara inn í bíl ákærða kvað brotþoli ætlun sína aðeins hafa verið að koma að bílnum með símann og taka vídeó til að koma upp um ákærða. Brotþoli kvaðst aðspurður um að hafa frosið ekki hafa liðið vel og hafa gleymt öllu. Ákærði hafi passað upp á að vera ekki í mynd og greinilega hafi þetta verið fyrirfram ákveðið. Brotþoli kvaðst aðspurður hafa gyrt nærbuxur og buxur niður að hnjúm að skipan ákærða. Aðspurður hvernig ákærði hefði snert hann sagði hann ákærða hafa snert kynfærin og byrjað að runka honum. Ákærði hafi gyrt niður um sig buxur og nærbuxur svipað og brotþoli og skipað brotþola að snerta hann. Brotþoli kvað aðspurður lim ákærða hafa verið harðan og að hann hefði runkað ákærða. Brotþoli hefði haft munnmök við ákærða að hans skipan. Brotþoli kvaðst hafa spurt hvert þeir væru að fara en ákærði hefði ekki svarað því. Aðspurður hvort þeir hefðu stoppað í bílferðinni neitaði brotþoli því en sagði að þeir hefðu stöðvað á ljósum. Brotþoli játaði því aðspurður að bifreiðin hefði verið á ferð þegar atvikið átti sér stað. Aðspurður greindi brotþoli frá því að ákærði hefði í skipandi tón sagt „sýndu mér typpið þitt“. Aðspurður hvort hann hefði verið með grímu sagði brotþoli það vel geta verið því það hefði verið covid en hann myndi það ekki og hefði þá haft hana fyrir neðan nef. Hefði hann verið með grímu hefði hann alltaf tekið hana niður í bílnum, annars hefði hann farið að svitna.

Aðspurður hvort hann hafi sagt að hann vildi hætta í bílnum kvaðst brotápoli ekki hafa þorað því en að það hafi sést á honum. Ákærði hafi séð að brotápoli liði illa því hann hafi svarað stutt og lágt. Aðspurður hvað skilaboðin „var ekki einu sinni viss“ þýddu kvaðst brotápoli vera búinn að gleyma því að hafa sent þau og hann vissi ekki hvað hann hefði átt við. Aðspurður um að brotápoli hefði sagt í Barnahúsi að ákærði hefði haldið að það væri einhver fullorðinn að fokka í honum, varðandi [...] ára aldur, sagði brotápoli að ákærði hefði fyrst haldið að brotápoli væri fullorðinn en hann hefði séð þegar brotápoli kom inn í bílinn að svo væri ekki.

Aðspurður um áhrif atviksins á líf hans kvaðst brotápoli hafa farið á [...] [...], hann hefði verið lagður inn í [...] og aftur í [...] en hann kvaðst hugsa daglega um þetta. Aðspurður sagði brotápoli innlögn [...] hafa verið vegna atviksins en hann hefði lítið talað um það á [...] því það væri erfitt að tala um þetta. Atvikið hefði haft mikil áhrif á líf sitt og þeirra í kringum hann, þetta poppaði upp í hugann en hann hugsaði ekki mikið um þetta.

Vitnið B, móðir brotápoli, greindi frá því að brotápoli hefði horft mikið á Kompás og glæpaþætti til að koma upp um mál. Kvaðst hún ekki vita mikið um atvikið, hann hefði sagst hafa lent í kynferðisofbeldi og hafa frosið en ekki viljað ræða það frekar. Brotápoli og ákærði hefðu mælt sér mót við [...] en brotápoli hefði ætlað að koma upp um ákærða. Brotápoli hefði allt í einu verið kominn í [...], ákærði hefði læst íbúðinni en brotápoli sloppið út. Aðspurður um ástand brotápoli eftir atvikið kvaðst hún aldrei hafa séð hann svona, hann hefði varla getað talað, verið reiður og sár og skammast sín. Sagði hún aðspurður brotápoli alltaf hafa verið hlæjandi, mjög hressan, fyndinn og lífsglaðan fyrir atvikið en eftir það hefði hann breyst mikið, orðið alvarlegur, inni í sér, ekki viljað tala um neitt og lokað sig af og í dag eigi brotápoli til að detta niður og verða þungur. Hjá [...] hafi komið í ljós hversu alvarlegt þetta hafi verið. Aðspurður kvað hún brotápoli vera sannsögulan. Kvaðst hún hafa rætt [...] við brotápoli fyrir og eftir atvikið af því að hann væri unglingur. Brotápoli hefði [...] fyrir atvikið, hann hefði verið reiður og átt erfitt með skólagöngu í [...].

Vitnið D, faðir brotápoli, greindi frá því að brotápoli hefði búið hjá honum þegar atvik áttu sér stað. Brotápoli hefði komið heim ásamt móður sinni, niðurbrotinn, grátið og verið haldinn mikilli skömm en hann hefði ekki getað sagt frá atvikinu. Næstu vikur og mánuði hefði smá þyngst í brotápoli og í júní 2022 hefði hann þurft að leggjast inn á [...]. Kvað hann brotápoli nýlega hafa sagt sér frá samskiptum á vefsíðu þar sem

brotapoli og ákærði hefðu ákveðið að hittast við [...]. Brotapoli hefði verið að horfa á Kompás og myndbönd varðandi það að koma upp um níðinga og ætlað að gera það. Á skólalóðinni við [...] hefðu verið fleiri krakkar og skilaboð farið á milli brotþola og ákærða til að ganga úr skugga um að báðir væru á staðnum. Ákærði hefði sagt brotþola að labba upp brekkuna og þar hefði brotþoli farið inn í bifreið ákærða í hvarfi bak við tré. Þeir hefðu keyrt að Strandgötu og farið upp í íbúð á 2. hæð. Líðan brotþola hefði verið slæm og versnað þar til hann hefði verið lagður inn hjá [...] og þar hefði farið fram ákveðið greiningarferli og brotþoli sýnt töluverð batamerki. Þegar réttargæslumaður hefði hringt vegna málsins hefði gripið um sig kvíði og vanlíðan hjá brotþola sem hefði ekki getað sinnt vinnu og þurft að leggjast aftur inn á [...] vegna [...]. Aðspurður um líðan brotþola fyrir atvikið kvað vitnið brotþola alltaf hafa verið svolítið þungan og eitthvað greinilega að angra hann en brotþoli hefði einangrað sig. Nánar spurður kvað hann brotþola vera [...] og hafa átt erfitt með að [...]. Aðspurður kvað hann brotþola vera sannsögulan og góðan dreng.

Vitnið E, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, sem staðfesti móttökuskýrslu vegna brotþola, kvaðst muna eftir brotþola en óljóst eftir atvikum. Brotapoli hefði komið í fylgd lögreglu og barnaverndarfulltrúa en að öðru leyti vísaði vitnið til skýrslu. Aðspurð um staðlað form í skýrslu varðandi ástand brotþola og hvernig það hefði verið metið greindi hún frá því að það hefði hvort tveggja byggst á hennar eigin mati og á því sem brotþoli hefði greint frá. Varðandi frásögn af atvikinu í skýrslu kvað hún aðspurð brotþola hafa sagt frá og hún skráð niður en hún tali yfirleitt á undan lækni við brotþola. Aðspurð um almenna lýsingu hennar í skýrslu á meintu broti kvaðst hún ekki geta sagt til um hver hefði dregið nærbuxur og buxur niður um brotþola en hún hefði skilið lýsingu læknis á því þannig að ákærði hefði dregið niður um brotþola.

Vitnið C, læknir á Neyðarmóttöku, sem staðfesti skýrslu sína um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola, kvað frásögn af atviki að hluta til hafða eftir hjúkrunarfræðingi sem hafi hitt brotþola á undan. Kvaðst hann muna eftir ástandi brotþola við að rifja upp skýrsluna. Samhengislaus frásögn eins og skráð hafi verið í skýrslu þýði að brotþoli hafi talað í belg og biðu og þurft hafi að umorða til að það væri samhengi í frásögninni. Aðspurður um að hann hafi merkt við að útlit svari til aldurs kvað hann brotþola hafa verið frekar þroskaðan miðað við aldur og nánar spurður kvað hann brotþola hafi verið fullvaxinn strákur, stóran og stæltan og engan væskil að sjá. Brotþoli hafi verið barnalegur í tali og greinilega í miklu uppnámi.

Vitnið F, félagsráðgjafi [...], sem staðfesti vottorð sitt í málinu, kvaðst hafa komið að málum brotaþola frá sumri 2022. Brotaþoli hefði komið til [...] sumarið 2022 en þá hefði meint brot ekki verið rætt. Hann hefði verið í innlögn í september 2022 og í kjölfarið flust í göngudeildarþjónustu en þar hefði brotaþoli greint frá broti. Aðspurð kvað hún brotaþola hafa sagt að hann hefði orðið fyrir kynferðisofbeldi ári áður en ekki viljað tjá sig frekar. Aðspurð hvort það brot hefði þjakað brotaþola mest kvað hún brotaþola hafa verið með þunglyndi og sjálfsvígshugsanir til meðhöndlunar í september 2022 en farið hefði verið yfir og skimað fyrir áfallastreituröskun og farið yfir áföll. Brotaþoli hefði ekki fengið slíka greiningu en einkenni hefðu verið til staðar. Því hafi ekki verið unnt að segja hvað hafi verið að þjaka brotaþola. Hann hafi ekki verið metinn sérstaklega varðandi áfallastreitu án þess hafi verið utan hennar starfssviðs. Aðspurð kvað hún það sem fram kæmi í vottorðinu vera upp úr sjúkraskrá brotaþola. Aðspurð hvort brotaþoli hefði fyrst komið á [...] árið 2022 kvað hún brotaþola hafa verið hjá [...] árin [...].

Taldi hún skipta máli að greina frá því að brotaþoli væri drengur með [...] sem hefði áhrif á getu hans til að tjá sig og meðtaka upplýsingar. Brotaþoli væri með röskun á [...] og gæti sýnt af sér tilfinningaleg blæbrigði með öðrum hætti en vænta mætti. Brotaþoli búi við sértækan [...] í lágu meðallagi. Aðspurð hvort eitthvað hafi komið fram varðandi kynhneigð brotaþola kvað vitnið það ekki hafa verið rætt en brotaþoli eigi kærustu.

Vitnið G, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglu, sem staðfesti skýrslur sínar í málinu, kvaðst hafa starfað í tæknideildinni frá árinu 1997 og vera með mastersgráðu frá árinu 2003 en hann væri yfir líftækisviði tæknideildar lögreglunnar. Hann hefði fengið gögn varðveitt af Neyðarmóttöku vegna brotaþola, gögn varðveitt við réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða og gögn varðveitt af vettvangi. Í Neyðarmóttökugögnum hafi pinnar merktir munnhol og munnur verið prófaðir með sæðisprófun en hafi ekki gefið svörun. Eingöngu geti verið um þekjufrumur að ræða í sýnum merkt „Utan á typpi“ og „Kóngur“, sem tæknideild geti ekki skoðað og þær öskjur hafi ekki verið opnaðar en þekjufrumur geti komið úr munnvatni og frá húð. Í réttarlæknisfræðilegum gögnum frá ákærða hafi hann fengið nærbuxur, þrjár lífsýnaöskjur og poka með hársýnum. Ekkert markvert hafi verið sjáanlegt í nærbuxum en með svokallaðri lífsýna-sögu hafi verið varðveitt sýni af innanverðri framhlið nærbuxna. Sama eigi við um öskj-

urnar, séu einhver sýni til staðar séu þau eingöngu í formi þekjufruma og því hafi öskjurnar ekki verið opnaðar. Í greindum kynhárum hafi engin hár verið sjáanleg. Ekkert markvert hafi verið í skyrta frá vettvangi, í einum poka merktum nærföt hafi verið tvennar nærbuxur og tvennir sokkar en ekkert markvert hafi komið fram við skoðun á þeim. Sóttvarnagrímur hafi eingöngu verið ljósmyndaðar. Stroksýni tekin af getnaðarlim brotaþola, sýni varðveitt úr innanverðum nærfötum ákærða og stroksýni af lim ákærða hafi verið send í DNA-rannsókn. Ekkert DNA hafi komið fram á stroksýni utan af getnaðarlim brotaþola en í stroksýni merkt kóngur hafi komið fram DNA en ekki nægilega mikið til samkenningar. Í sýni sem varðveitt var frá innanverðum nærbuxum ákærða hafi komið fram blanda DNA-sniða frá tveimur einstaklingum og niðurstöður hafi sýnt að um hafi verið að ræða blöndu af DNA frá ákærða og brotaþola. Stroksýni af lim ákærða, sýni merkt „Undan forhúð“ hafi verið samkennt við hann sjálfan. Vitnið lýsti því hvernig lífsýnum hefði verið safnað í síu úr nærbuxum ákærða. Magn DNA frá báðum aðilum hafi verið nokkuð jafnt og því væri magn DNA frá brotaþola nokkuð mikið miðað við þá skýringu ákærða að hafa gripið um hönd brotaþola og tekið upp andlitsgrímu hans en farið á salernið eftir það. Hins vegar kvaðst hann ekki geta útilokað það. Borið var undir vitnið að brotaþoli hefði sagt að ákærði hefði skipað honum að hafa við sig munnmök og kvað vitnið það geta skýrt DNA brotaþola í nærbuxum ákærða. Aðspurður kvað vitnið ekki vera vafa á því að DNA hafi verið á innanverðri andlitsgrímu hafi brotaþoli verið með slíka. Kvaðst hann telja skýringu ákærða ólíklegri á því hvernig DNA hafi borist í nærbuxurnar út frá því að þar hafi fundist jafn mikið magn DNA frá brotaþola og ákærða en hann gæti þó ekki útilokað það. Aðspurður hvernig unnt væri að skýra að ekki hefði fundist DNA frá brotaþola á lim ákærða, hafi hann haft munnmök við ákærða, kvaðst hann hafa viljað sjá DNA frá brotaþola í því sýni, þrátt fyrir að liðið hefðu 15–16 klukkustundir frá atviki þegar sýnið var tekið, með þeim fyrirvara að hann hefði ekki verið viðstaddur sýnatökuna og áhrif geti haft hvar sýni hafi nákvæmlega verið tekið þótt sagt sé að sýnið hafi verið tekið undir forhúð. Kvaðst hann hafa viljað sjá eitthvert DNA frá brotaþola í því sýni.

Lögreglumaður í tölvurannsóknardeild, nr. H, greindi frá því að vefslóðin Fuckbook.com væri aðgangsstíllt sem hefði vakið athygli hans og aðilinn [...] hefði verið að skoða prófíla hjá öðrum með heitum sem gæfu til kynna að umrædd síða væri kynlífsvettvangur. Ekkert barnaníðsefni hefði fundist. Kvaðst rannsakari hafa fengið

upplýsingar um slóðirnar, þær væru ekki meðal gagna málsins, en lögregla hefði ekki verið með heimild til að skoða gögn á skýinu. Ákærði hefði verið þar með 527 flettingar.

Lögreglumaður nr. J, sem staðfesti frumskýrslu sína í málinu, kvaðst hafa farið í útkall vegna drengs á [...] sem hefði verið í bíl með fullorðnum karlmanni. Brotapoli hefði lýst bifreið ákærða sem ekki hefði verið á vettvangi. Farið var með brotapolu á lögreglustöð þar sem hann sýndi sms-samskipti við ákærða og greindi frá því að samskiptin hefðu byrjað á heimasíðu. Lögreglan hefði fundið nafn og heimilisfang ákærða út frá því, auk þess sem hann hefði verið skráður fyrir bifreið sem hefði verið í samræmi við lýsingu brotapolu. Brotapoli hefði sagst hafa reynt að verja sig fyrir ákærða með hníf og lýst kynferðisbroti. Lögregla hefði farið aftur á vettvang, séð bifreið ákærða og handtekið hann. Aðspurt greindi vitnið frá því að brotapoli hefði verið í uppnámi, ör og átt erfitt með að greina frá atburðum en hann hefði verið hræddur. Brotapoli hefði greint frá því að brotið hefði verið á sér og ákærði snert kynfærasvæði hans. Aðspurt um ákærða kvað vitnið hann hafa verið rólegan en ekki viljað tjá sig og ekki verið hissa. Aðspurt um hvort brotapoli hefði greint frá því hvers vegna hann hefði farið inn í bifreið ákærða kvað vitnið þá hafa verið í sms-samskiptum og á síðunni Facebook en ekki vita hvað hefði farið þeirra á milli.

Rannsóknarlögreglumaður nr. K, sem staðfesti skýrslu sína í málinu, greindi frá því að hafa verið kallaður út í hefðbundna vettvangsrannsókn en hann myndi ekki eftir neinu sérstöku. Þetta hefði verið íbúð í fjölbýlishúsi, frekar snyrtileg, sem einnig hefði verið notuð sem geymsla fyrir varning. Aðspurt kvað vitnið nokkrar covid-grímur hafa verið í íbúðinni, það hafi verið gríma í heimilisrusli inni í skáp en ekki á gólfinu en það myndi ekki hvernig hún hefði verið á litinn eða hvar aðrar grímur hefðu verið. Réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða hefði farið fram kl. 15:00.

Niðurstaða

Ákæruliður I.

Ákærði er sakaður um kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 2. ágúst 2021, í samskiptum við brotapolu í skilaboðum í síma, mælt sér mót við brotapolu á heimili sínu, í því skyni að hafa við hann önnur kynferðismök.

Ákærði neitar sök og byggir sýknukröfu á því að hann hafi haldið að brotapoli væri 18 ára, auk þess sem hann hafi ekki mælt sér mót við brotapolu í kynferðislegum tilgangi en með því séu saknæmisskilyrði 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga ekki uppfyllt. Á síðunni Facebook sé 18 ára aldurstakmark og notandanafn brotapolu hafi

gefið þann aldur til kynna. Brotapoli en ekki ákærði hafi átt frumkvæði að samskiptum og ekki hafi verið sýnt fram á barnagirnd af hálfu ákærða.

Ákærði skýrði svo frá við aðalmeðferð að hann hefði fengið skilaboð á síðunni Fuckbook.com frá brotþola sem hefði verið tilgreindur 18 ára sem hefði síðan sagt „er í lagi að ég sé [...] ára“. Ákærði kvaðst hafa spurt hvort viðkomandi væri að meina þetta en ekki fengið svar og hann hafi því grunað að einhver væri að gera at í sér. Samskipti þessi liggja ekki fyrir í málinu.

Ákærði kvaðst að beiðni brotþola hafa látið hann fá símanúmer sitt og fengið textaskilaboð frá brotþola sem hafi spurt hvort þeir gætu hist. Liggja þau samskipti fyrir í málinu en af þeim gögnum má ráða að brotþoli hafi sent fyrstu textaskilaboðin kl. 18:36 þann 2. ágúst 2021. Brotþoli spyr um heimilisfang ákærða svo hann geti komið strax og fara nokkur textaskilaboð þeirra á milli varðandi heimilisfang og húsið. Brotþoli segist vera að labba út til að taka strætó kl. 18:45 og stuttu síðar spyr hann ákærða: „Nennir þú að seigja meira það sem við gætum gert?“ Ákærði svarar: „Þú færð að totta mig“ og brotþoli spyr á móti „Meira?“ Þá fara á milli þeirra skilaboð um hve langa limi þeir hafi og brotþoli spyr þá aftur: „Hvað meira?“ Ákærði svarar; „Ég set dildó í rassinn á þér“. Ákærði spyr: „Hvar ertu núna?“ kl. 19:20 og kl. 19:29 spyr hann: „Hvað langar þig að láta gera við þig?“, sem brotþoli svarar með; „Allt“. Nokkur skilaboð fara á milli þar sem ákærði er að spyrja hvað brotþoli hafi prófað og hvað æsi hann sem brotþoli svarar með: „Allt nýtt“ og: „Þú gætir æst mig upp“. Ákærði spyr kl. 19:47 í hvaða vagni brotþoli sé en brotþoli svarar með því að hann hafi tekið rangan vagn og sé að skipta. Ákærði spyr aftur kl. 19:49 hvar brotþoli sé og að hann eigi að taka vagn nr. 21 þegar brotþoli segist vera í [...] og kl. 19:55 spyr ákærði hvenær vagninn fari. Klukkan 19:56 spyr ákærði hvort brotþoli sé kominn í vagn nr. 21 og kl. 20:02 spyr hann brotþola hvar hann sé og segir í framhaldi að hann eigi að fara út í [...]. Ákærði spyr kl. 20:22 og kl. 20:31 hvort það sé langt í brotþola og hvar hann sé núna, kl. 20:36 spyr ákærði hvort brotþoli sé nokkuð hættur við og kl. 20:37 spyr hann hvort það sé langt í brotþola. Ákærði sendir síðustu skilaboðin þennan dag kl. 21:31 og spyr: „Ertu runninn á rassinn með þetta?“

Ákærði greindi frá því að á síðunni Fuckbook væri fólk sem leitaðist eftir spjalli á kynferðislegum nótum og sagðist hafa verið þar undir nafninu [...]. Ákærði neitaði að hafa ætlað að fá brotþola heim til sín í kynferðislegum tilgangi. Spurður um skilaboðin: „Þú færð að totta mig“ sagði ákærði fólkið á síðunni vilja heyra eitthvað svona. Ákærði

mundi ekki eftir skilaboðum um að hann ætlaði að setja dildó í rass brotaþola eða að þeir hafi skipst á skilaboðum um lengd lims hvors annar en sagði það vera almennar spurningar sem hann væri spurður og spyrði aðra en þetta segði hann fyrir viðmælandann. Spurður hvort ákærði hefði mælt sér mót við [...] ára dreng til að hafa við hann kynmök svaraði ákærði að hann hafi ekki trúað því að hann væri [...] ára og ekki hafa fengið svar þegar hann spurði um það. Ákærði kvaðst ekki hafa verið á varðbergi því brotaþoli hefði skrifað rétta íslensku og ekki verið með nein unglingsorð.

Fyrir dómi kvaðst brotaþoli ekkert muna eftir samskiptum við ákærða í textaskilaboðum þann 2. ágúst 2021.

Textaskilaboðin milli ákærða og brotaþola sem liggja fyrir í málinu eru flest eitt orð eða mjög stuttar setningar. Að mati dómsins er ekki unnt að fallast á að ákærði hafi mátt ráða af þeim stuttu textaskilaboðum að brotaþoli væri 18 ára, auk þess sem brotaþoli er með meinlega villu snemma í skilaboðunum þar sem hann segir: „Nennir þú að seigja [sic] meira það sem við gætum gert?“ Af þessu verður ráðið að mati dómsins að ekki standist það sem ákærði heldur fram varðandi góða íslenskukunnáttu brotaþola og heldur ekki að það að brotaþoli hafi ekki notað unglingsorð sem ákærði útskýrði ekki frekar hver hefðu átt að vera og í hvaða samhengi. Ákærði hafi því mátt gera sér grein fyrir því að brotaþoli gæti allt eins verið [...] ára frekar en 18 ára. Þó að brotaþoli hafi í skýrslu í Barnahúsi sagt að ákærði hefði skilið ummæli um aldur sem grín breytir það ekki því að ákærði hafði í byrjun samskipta sannanlega fengið upplýsingar um að brotaþoli gæti verið [...] ára. Skiptir að mati dómsins engu í því sambandi þótt á síðunni hafi verið 18 ára aldurstakmark eða notandanafn brotaþola þar hafi gefið þann aldur til kynna, enda alkunna að aldurstakmarkanir á vefsíðum koma ekki í veg fyrir skráningar barna yngri en 18 ára. Þá stenst ekki sú skýring ákærða að viðmælendur hans á síðunni Facebook hafi viljað heyra kynferðislega hluti eins og „þú færð að totta mig“ og hve langur limur hans væri, því á þeim tíma sem þessi samskipti fóru þeim á milli voru ákærði og brotaþoli í sms-samskiptum en ekki á tilgreindri síðu. Á sama tíma og ákærði kannaðist við samskiptin við brotaþola og mundi þau flest vel bar ákærði fyrir sig minnisleysi varðandi þau ummæli að hann ætlaði að stinga dildó upp í endaparm brotaþola, sem ekki er trúverðugt að mati dómsins. Þar að auki hélt ákærði að brotaþoli væri á leiðinni til sín og af samskiptunum sem bera með sér að ákærði hafi verið mjög spenntur yfir komu brotaþola má ráða að hafið er yfir allan vafa að ákærði hafði mælt sér mót við brotaþola í því skyni að hafa við hann önnur kynferðismök.

Þótt dómurinn telji ekki nægjanlega sannað að ákærði hafi beinlínis vitað að brotaþoli væri [...] ára gamall þykir samkvæmt framangreindu nægjanlega í ljós leitt að ákærði hafi látið sér það í léttu rúmi liggja að brotaþoli gæti verið [...] ára þegar hann átti í þeim samskiptum við brotaþola sem lýst er í ákærulið I. Að því virtu telur dómurinn sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í tölulið I í ákæru og er sú háttsemi þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður II.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Metur dómari enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Samkvæmt 126. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber dómara að meta sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Í því sambandi skuli m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotaþola.

Ákærði neitar sök og telur ósannað að hann hafi brotið gegn brotaþola eins og honum er gefið að sök í ákæru. Varnir ákærða byggja á því að framburður hans hafi verið staðfastur en þar standi orð gegn orði. Lögreglurannsókn, sbr. gögn og framburð sérfræðings tæknideildar, hafi leitt í ljós blöndu af erfðæfni ákærða og brotaþola. Ákærði hafi gefið trúverðuga skýringu á því strax við rannsókn lögreglu en hann hafi greint frá því að hafa tekið upp andlitsgrímu sem brotaþoli hafi borið alla bílferðina og að hafa tekið í hönd brotaþola en farið í kjölfar þess á salernið og haft þvaglát. Sérfræðingur tæknideildar lögreglu hafi borið fyrir dómi að ekki væri útilokað að erfðæfni brotaþola hefði borist í nærbuxur ákærða með þeim hætti en sérfræðingurinn hefði lýst því að mikið magn erfðæfnis bærst í grímu sem væri borin lengi. Ekki hafi fundist neitt erfðæfni úr brotaþola í sýnum sem tekin voru af lim ákærða, sem sýni fram á að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að munnmök þau sem brotaþoli haldi fram hafi ekki átt sér stað. Þá hafi brotaþoli tekið fram í símtali við Neyðarlínuna þegar hann tilkynnti um meint brot að hann myndi ekki það sem hefði gerst í bifreiðinni.

Framburður ákærða um að ekkert hafi átt sér stað í bifreiðinni hefur verið staðfastur. Hins vegar hefur framburður ákærða varðandi þau atriði sem gætu skýrt hvernig DNA frá brotþola hafi borist í nærbuxur hans breyst mikið og aukist eftir því sem liðið hefur á málsmeðferðina. Í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu 20. febrúar 2021 greindi ákærði frá því að brotþoli hefði beint að sér hníf stuttu eftir að þeir voru komnir inn í íbúðina. Kvaðst ákærði aðeins hafa rétt út hendurnar en þá hefði brotþoli snúist á hæli, rifið af sér grímuna, hent henni í gólfið og farið út. Ákærði var spurður ítarlega út í andlitsgrímuna og hvernig hún hefði verið en hann kvað hana hafa verið einnota. Tók ákærði jafnframt fram að gríman lægi á gólfinu heima hjá honum þar sem brotþoli hefði hent henni. Borið var undir ákærða að brotþoli hefði sagt að ákærði hefði gripið í brotþola en hann náð að losa sig frá ákærða. Svar ákærða var: „Já, ég tók aðeins í höndina hans með hnífnum og hann kippti henni frá sér og svo bara fór hann út.“ Nánar spurður um af hverju ákærði hefði ekki greint frá því fyrr í skýrslunni að hafa gripið í brotþola, heldur aðeins sagt að brotþoli hefði farið út, svaraði ákærði því til að hann hefði orðið hræddur og gert svona bendingu. Beint spurður hvort ákærði hefði tekið í brotþola eða ekki svaraði ákærði: „Nei, ég tók ekkert í hann, ég bara ætlaði að taka í höndina á honum sem var bara náttúrulega bara fifldirfska að gera.“ Ákærði var þá spurður í hvora höndina hann hefði ætlað að taka og svaraði ákærði því til að það hefði verið höndin sem hélt á hnífnum. Í næstu skýrslutöku hjá lögreglu, þann 25. ágúst 2021, kvaðst ákærði hafa rétt fram höndina og ætlað að reyna að taka í brotþola til að afvopna hann en þá hafi komið hik á brotþola sem hafi labbað að hurðinni, rifið af sér grímuna, hent henni í gólfið og farið út. Meira hefði ekki verið fyrr en brotþoli hefði sent skilaboð um að hann vissi hvar ákærði byggi og hvernig bíl hann ætti.

Af framangreindu metur dómurinn það svo að ákærði hafi greint staðfastlega frá því í tveimur lögregluskýrslum að hann hafi ekki komið við brotþola. Þá var ákærði spurður ítarlega út í andlitsgrímuna en hann greindi ekki þá þegar frá því að hafa tekið hana upp, heldur benti á að hún lægi þar sem brotþoli hefði hent henni. Þá greindi ákærði ekki frá því að hann hefði farið á salernið áður en hann fór út úr íbúðinni.

Það var ekki fyrr en eftir að niðurstaða DNA-rannsóknarinnar, um að DNA-snið brotþola hefði fundist í nærbuxum ákærða, var borin undir hann í þriðju skýrslutöku hjá lögreglu sem hann kvaðst hafa tekið upp grímuna sem brotþoli var með og hafa komið við hönd brotþola þegar hann otaði hnífnum að honum, auk þess sem hann kvaðst hafa farið á salernið eftir að brotþoli var farinn. Ákærði svaraði því til aðspurður hvað hann

hefði gert við grímuna: „Ég bara man það ekki, hvort ég hafi hent henni í gólfið aftur eða, en svo þegar ég kom heim að þá allavega lá hún á gólfinu og ég henti henni svo.“ Ákærði lýsti því ekki nánar hvernig hann hefði tekið grímuna upp en hann var ekki spurður nánar út í það af lögreglu. Verður að mati dómsins ekki dregin önnur ályktun en sú að ákærði hafi verið að hagræða sannleikanum með vísan til mögulegs snertismits.

Ákærði lýsti því ekki í sjálfstæðri frásögn fyrir dómi að hann hefði komið við hönd brotþola heldur sagðist hann, eins og í skýrslum hjá lögreglu 20. og 25. ágúst 2021, hafa reynt að grípa eftir þeirri hendi brotþola sem hélt á hnífnum en þá hefði brotþoli rifið af sér grímuna og hent henni á gólfið. Kvaðst ákærði hafa tekið hana upp og hent henni frá sér. Beðinn um að lýsa atvikum nánar kvaðst ákærði hafa gengið að brotþola þar sem hann stóð með hnífinn en þá hefði brotþoli kippt að sér hendinni og rokið út. Nánar spurður hvar ákærði hefði komið við brotþola kvaðst hann hafa snert eða strokið bera höndina sem hélt á hnífnum. Aðspurður um það hvernig DNA úr brotþola hafi getað borist í nærbuxur ákærða kvaðst hann hafa komið við brotþola, tekið upp grímuna og hafa létt á sér áður en hann fór út. Nánar spurður kvaðst ákærði hafa tekið grímuna upp á þeirri hlið sem sneri að brotþola en ekki á böndunum og hafa ætlað að henda henni en fyllst viðbjóði og hent henni aftur í gólfið og látið hana liggja þar. Ákærði kvaðst ekki muna lit grímunnar nema að hún hafi verið ljós. Spurður hvernig ákærði gæti munað nákvæmlega hvernig hann hafi tekið í grímuna en ekki lit hennar svaraði ákærði á þá leið að hann hafi ekki verið hræddur við covid-smit.

Þá kvaðst ákærði fyrir dómi aðeins hafa náð í brotþola við [...] til að vita hver þetta væri. Er sá framburður í fullkominni mótsögn við það sem ákærði sagði í skýrslutökum 20. og 25. ágúst 2021, þar sem hann kvað tilgang sinn hafa verið að hitta brotþola til kynferðisathafna, eins og áður er rakið.

Varðandi það að ákærði hafi ekki vitað um aldur brotþola er til þess að líta að í samskiptum við ákærða 19. ágúst vissi brotþoli ekki hvað orðið „aðstaða“ þýddi, en ákærði kvaðst í fyrstu skýrslu hjá lögreglu hafa haldið að einhver væri að afvegaleiða sig með þeirri spurningu. Í skýrslutöku 25. ágúst bar ákærði hins vegar fyrir sig að ungt fólk skildi ekki einföldustu orð og því hefðu ekki vaknað neinar grunsemdir um aldur brotþola vegna þessarar spurningar. Þá bað brotþoli ákærða að ná í sig við grunnskóla, sem hefði átt að vekja sérstaka athygli ákærða í ljósi þeirra upplýsinga sem brotþoli hafði veitt um aldur sinn í samskiptum stuttu áður.

Er það mat dómsins að í framburði ákærða felist innbyrðis ósamræmi, auk þess sem ákærði hafi fyrst eftir að niðurstaða DNA-rannsóknar lá fyrir greint frá því að hann hafi komið við bera hönd brotþola, að hann hafi tekið upp andlitsgrímuna og að hann hafi farið á salernið til að kasta af sér vatni. Er til þess að líta í þessu sambandi að brotþoli greindi frá því að ákærði hefði gripið í upphandlegg sinn þegar hann setti niður höndina sem hélt á hnífnum þegar hann var að opna dyrnar á íbúð ákærða, en hann hafi náð að ýta ákærða frá sér. Eins og ákærði greindi sjálfur frá í fyrstu skýrslu hjá lögreglu hefði það verið algjör fífldirfska að fara beint á móti hnífnum. Er framburður ákærða metinn ótrúverðugur.

Framburður brotþola fyrir dómi var í aðalatriðum sá sami og hjá lögreglu og í Barnahúsi. Brotþoli greindi frá því að hann hefði ætlað að koma upp um ákærða sem barnaníðing og farið að hitta hann til að taka hann upp og birta upptökuna undir áhrifum frá Kompásþætti og öðrum erlendum þáttum um sama efni. Brotþoli kvaðst ekki muna hver hefði haft samband fyrst en þeir hefðu ákveðið að hittast við [...]. Brotþoli kvaðst hafa tekið með sér hníf til öryggis ef hann kæmist í aðstæður sem hann réði ekki við. Brotþoli kvaðst hafa frosið þegar bifreið ákærða kom upp að honum og gleymt öllu og ekkert getað gert þrátt fyrir hnífinn sem hann hafi ekki viljað nota. Eftir nokkrar mínútur hafi ákærði skipað brotþola að gyrða niður um sig buxurnar sem hann hafi gert niður að hnjám því hann hafi verið svo hræddur. Ákærði hafi fróað brotþola, gyrt niður um sig, skipað brotþola að gera það sama við sig og síðan skipað brotþola að hafa við sig munnmök. Meðan þetta hafi átt sér stað hafi þeir verið á keyrslu í [...] og ekki stöðvað nema á rauðu ljósi. Þegar þeir hafi verið komnir inn í íbúðina hafi ákærði spurt hvort brotþoli hefði kysst karlmann og snert belti brotþola á meðan, en brotþoli hafi neitað því. Ákærði hafi snúið baki í brotþola, sem kvaðst hafa tekið upp hnífinn, sett hann niður þegar hann var að reyna að opna læsta hurðina en þá hafi ákærði tekið í hann en brotþoli ýtt í ákærða, náð að rífa sig lausan og farið út. Aðspurður sagði brotþoli að hann hefði verið í langerma peysu og að ákærði hefði gripið um upphandlegginn. Brotþoli mundi ekki hvort hann hefði verið með andlitsgrímu en í lögregluskýrslu kvaðst hann hafa verið með bláa grímu eiginlega alla leiðina. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er haft eftir brotþola að ákærði hafi dregið buxurnar niður um brotþola og í skýrslu læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola kemur það sama fram nema að þar við bætist að það hafi átt sér stað á rauðu ljósi. Að öðru leyti hefur framburður brotþola verið stöðugur og hið sama komið fram hjá lögreglu, í

frásögnum hjá Neyðarmóttöku, í Barnahúsi og fyrir dómi. Þrátt fyrir framangreint misræmi um það hvort ákærði hafi dregið buxur niður um brotaþola eða skipað brotaþola að gera það sjálfur, sem og um andlitsgrímu í bílferðinni, dregur það að mati dómsins ekki úr trúverðugleika framburðar brotaþola um háttsemi ákærða í bifreiðinni og önnur atvik.

Er það mat dómsins að framburður brotaþola fyrir dómi hafi verið skýr og stöðugur um aðalatriði málsins. Ber í því sambandi að líta til þess sem fram kom í framburði meðferðaraðila brotaþola á [...] um [...] brotaþola sem hafi áhrif á getu hans til að tjá sig og meðtaka upplýsingar. Var augljóst við skýrslugjöf brotaþola að upprifjun hans á meintu broti var honum íþyngjandi, en ekki bar á því að hann hefði verið að auka við fyrri framburði eða fegra sinn hlut nema aðeins að því leyti að brotaþoli bar því bæði við að ákærði hefði haft frumkvæði að samskiptum og að hann gæti ekki munað hver hefði haft frumkvæðið. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað ráðið en að textasamskiptin hafi verið að frumkvæði brotaþola í bæði skiptin. Er það mat dómsins að framburður brotaþola hafi verið trúverðugur.

Fyrir liggur að brotaþoli þurfti að leggjast inn á [...] í september [...] og að hann hafi þá greint frá því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi ári áður án þess að greina nánar frá atvikum, en brotaþoli bar fyrir dómi að honum hafi þótt það of erfitt. Í framburði meðferðaraðila hans hjá [...] kom fram að skimað hefði verið fyrir áfallastreituröskun og farið yfir áföll en hann ekki verið metinn sérstaklega varðandi áfallastreitu. Því hafi ekki verið unnt að segja hvað hafi verið að þjaka brotaþola. Þá kom fram hjá henni að brotaþoli hefði verið til meðferðar hjá göngudeild [...] á árunum [...] og væri með [...]. Þrátt fyrir þetta er það mat dómsins að líðan brotaþola eftir atvikið verði að miklum hluta rakin til þess þótt augljóslega hafi fyrri vandamál einnig haft áhrif.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu, dagsettri 1. febrúar 2022, sbr. skýrslu sænskrar réttarrannsóknarstofu, auk framburðar sérfræðings tæknideildar um niðurstöður DNA-rannsóknar, liggur m.a. fyrir greining sem sýnir að lífsýni sem lögregla tók af innanverðri framhlið á nærbuxum ákærða var með DNA-sniðum frá bæði ákærða og brotaþola. Reyndust DNA-snið vera í jöfnu hlutfalli frá ákærða og brotaþola. Lífsýni sem tekin voru af getnaðarlim ákærða reyndust aðeins vera með DNA-erfðaeftni ákærða. Kom fram hjá sérfræðingi tæknideildar að þar sem DNA-sniðið í nærbuxum ákærða var í jöfnum hlutföllum væru miklar líkur fyrir því að þekjufrumur frá brotaþola hefðu borist með þeim hætti sem brotaþoli lýsti. Sérfræðingurinn svaraði aðspurður fyrir dómi að

„hann hefði viljað sjá DNA-erfðaeftni úr brotþola“ í lífsýnum af getnaðarlim ákærða. Hann tók jafnframt fram að það gæti skipt máli hvar af limnum sýnin voru tekin en hann hefði ekki upplýsingar um það. Að auki kom fram í vætti sérfræðingsins að það væri að hans mati ólíklegri skýring að DNA-erfðaeftni hefði færst frá brotþola yfir í nærbuxur ákærða með snertismiti við handarsnertingu á hönd brotþola og andlitsgrímu, eins og ákærði hefur haldið fram, þótt hann gæti ekki útilokað það. Að þessu virtu er uppi ákveðinn vafi um það hvort framangreindar DNA-niðurstöður styðji nægilega framburð brotþola svo ráðið geti úrslitum í málinu.

Í ljósi málsgagna liggur fyrir að rannsókn málsins var fumlaus strax frá upphafi, framkvæmd var vettvangsrannsókn og sakargagna aflað, auk þess sem teknar voru skýrslur af brotþola og ákærða í hljóði og mynd stuttu eftir meint brot. Engin vitni voru að meintu broti. Einnig var aflað upptöku af símtali brotþola við Neyðarlínuna er hann tilkynnti um meint brot og þá liggja fyrir samskipti ákærða og brotþola í textaskilaboðum sama kvöld. Í þeim samskiptum kemur fram að brotþoli sendi ákærða þau skilaboð stuttu eftir að hann var kominn út úr íbúð ákærða, að ákærði væri viðbjóður og það sem gerðist í bílnum hefði aldrei átt að gerast. Styðja þessi skilaboð að mati dómsins staðfastan framburð brotþola um háttsemi ákærða í bifreiðinni. Þá verður ekki fallist á það með ákærða að ummæli brotþola hjá Neyðarmóttöku um að hann gæti ekki munað hvað hefði gerst í bifreiðinni bendi til þess að þar hefði ekkert átt sér stað, heldur styður það að mati dómsins enn frekar frásögn brotþola. Af framangreindu leiðir að framburður brotþola um atvik er talinn trúverðugri en framburður ákærða í ljósi þeirrar staðreyndar að DNA-erfðaeftni úr brotþola fannst í nærbuxum ákærða.

Ákærði hefur borið fyrir sig að hann hafi haldið að brotþoli væri að minnsta kosti 18 ára, þar af leiðandi hafi hann verið í villu og því sé háttsemi hans ekki saknæm. Í samræmi við niðurstöðu varðandi ákærulið I er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi látið sér aldur brotþola í léttu rúmi liggja og það þrátt fyrir að honum hafi enn frekar mátt vera það ljóst að brotþoli væri mögulega [...] ára þann 19. ágúst, eins og að framan er rakið.

Með vísan til framangreinds þykir sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2002 um meðferð sakamála, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur haldið því fram að verði hann sakfelldur verði háttsemi hans aðeins heimfærð til 1. gr. 202. gr. almennra hegningarlaga en ekki til 194. gr. sömu laga. Þykir

brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða enda beitti ákærði ólögætri nauðung í skilningi 194. gr. almennra hegningarlaga með því að nýta yfirburði sína gagnvart brotapolu vegna aldurs-, þroska- og reynslumunar, en ákærði var [...] ára en brotapolu aðeins [...] ára, sbr. m.a. dóm Landsréttar 8. apríl 2022 í máli nr. 548/2020, einkum 30. málslið, og dóm Landsréttar 8. apríl 2022 í máli nr. 369/2021, sjá einkum 18. málslið.

Ákvörðun refsingar og einkaréttarkrafa

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu samkvæmt framlögðu sakavottorði. Ber að líta til þess við mat á refsingu. Mikill aldursmunur er á ákærða en brot hans beindust gegn mikilvægum verndarhagsmunum brotapolu, sem var barn að aldri. Að mati dómsins á ákærði sér engar málsbætur en hins vegar verður ekki framhjá því litið að nokkur dráttur varð á útgáfu ákæru í málinu án þess að ákærða verði um það kennt. Skal litið til alls þessa við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þess og 1. mgr. 77. gr. er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Frá dæmdri refsingu skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 20. ágúst til 3. september 2021.

Með háttsemi sinni sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir hefur ákærði bakað sér bótaskyldu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bot af þessu tagi eru almennt til þess fallin að valda miska auk þess sem þar verður stuðst við framburð botapola og annarra vitna. Teljast miskabætur hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. ágúst 2021 til 9. júní 2023 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu ákæruvalds er krafist upptöku á Apple iPhone farsíma í eigu ákærða (munanúmer [...]), sbr. 1. tl. 69. gr. a almennra hegningarlaga. Að mati dómsins er augljóslega verið að vísa til 1. mgr. tilgreinds ákvæðis. Með vísan til þess ber að fallast á upptökukröfu eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði dæmist því til að greiða útlagðan kostnað vegna meðferðar málsins sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur 707.695 krónum. Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.934.400 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotapolu, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, sem þykir

hæfilega ákveðin 741.520 krónur, hvort tveggja að virðisaukaskatti meðtöldum og að teknu tilliti til umfangs og eðlis máls sem og tímaskýrslna.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt var að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir uppkvaðningu dóms.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Magnússon, sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá dæmdri refsingu skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 20. ágúst til 3. september 2021.

Ákærði sæti upptöku á Apple iPone farsíma.

Ákærði greiði brotaþola, A, 1.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. ágúst 2021 til 9. júní 2023 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 1.934.400 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, 741.520 krónur.

Ákærði greiði 707.695 krónur í annan sakarkostnað.

María Thejll